

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlags um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn með fjarfundarbúnaði „teams“, miðvikudaginn 15. apríl 2020, og hófst kl: 16:00-

Þátttakendur í fundi: Anna Margret Sigurðardóttir, (Blb.), Birna Ágústdóttir, varamaður (Blb.) og Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.), en einnig Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri í A-Hún., og Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Blb., sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá hafði verið samþykkt fyrir fundinn, að Einar K Jónsson, sveitarstjóri Húnavatnshrepps væri áheyrnarfulltrúi á fundinum.

Fundargerð:

Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri setti fund, kl 16:00, með vísan til 4. gr. samþykktu brunavarna, og stjórnaði jafnframt fundi með samþykki stjórnarmanna.

1. Bókun til LS vegna fjármögnunar

Stjórn Brunavarna Austur-Húnavetninga samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð, 70.000.000 kr., til allt að 35 ára, í samræmi til samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir á fundinum. Lánið er tekið til fjármögnunar á húsnæði fyrir nýja slökkvistöð Brunavarnir A-Hún., sem fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Valdimari O Hermannssyni, kt: 110660-3599, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Brunavarna A-Hún., að undirrita lánasamning við Lánastjóð sveitarfélaga f.h. Brunavarna A-Hún., sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers skyns skjöl, fyriræmi og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði standa einfaldar óskiptar ábyrgðir allra eigenda sem eru sveitarfélögin Blönduósbær og Húnavatnshreppur, sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja þau til tryggingar tekjur sínar sbr. 2 mgr. 68. gr. sömu laga.

2. Kaupsamningur

Fyrir fundinum liggur kaupsamningur, sem er samhljóða samþykktu kauptilboði stjórnar, frá 2. janúar 2020, í fasteignina **Efstubraut 2, Blönduósi, F2311293, Landsnr. L144885**, sem er alls 486 fermetra geymsluhúsnæði frá árinu 2008 ásamt lóðaréttindum.

Stjórnin samþykkir formlega fram lagðan kaupsamning, sem hefur þegar verið undirritaður, samkvæmt áðurnefndu samþykktu kauptilboði.

3. Lóðamál

Eins og fram kemur í fyrirbyggjandi kaupsamningi, þá fylgir alls 644 fermetra lóð, samkvæmt meðfylgjandi lóðablaði frá Stoð ehf., verkfræðstofu. Fyrir fundinum var teikning af lóðum á svæðinu. Kaupandi gerir sér grein fyrir því að mögulega þarf að semja við aðra eigendur fasteigna á þessu svæði um rýmri lóð, eða aðkomu fyrir starfsemi slökkvistöðvar, og verður gengið til þess samhliða kaupunum. Ingvar og Valdimar greindu frá viðræðum sínum við framkvæmdastjóra Ámundakinnar, um afnot af lóð aftan við húsnæði, og aðkomu þar að. Einnig var rætt um aðkomu að húsinu, fjölda og staðsetningu innkeyrslu í húsið, en áætlað er að hafa sérstakan rýnifund fljótlega um húsnæðið.

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

4. Önnur mál.

A. Skipting embættis í nýrri stjórn:

Fram kom tillaga frá AMS um að Guðmundur H Jakobsson, yrði formaður stjórnar, og að sveitarstjóri Blönduósbæjar yrði áfram ritari stjórnar.
Tillagan borin upp og samþykkt, en Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.) sat hjá.

B. Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri gerði grein fyrir starfsemi slökkviliðsins sem hefur verið með rólegra móti að undanförunu. Ingvar hefur aftur á móti tekið virkan þátt í starfi almannavarna á svæðinu, starfar sem formaður vettvangsstjórnar (VST) sem staðsett er á Blönduósi, og vinnur undir stjórn aðgerðarstjórnar (AST). Þá svaraði hann fyrirspurn um stöðu á eldri tankbíl sem verður seldur, þegar kemur úr láni, samkvæmt fyrri ákvörðun.

5. Ákvörðun um sölu á núverandi húsnæði að Norðurlandsvegi 2.

Kynntar voru fyrri umræður um sölu á núverandi húsnæði sem er að 2/3 leyti í eigu brunavarna A-Hún., og að 1/3 leyti í eigu Blönduósbæjar, en sá hluti er í leigu til Frumherja. Ræddar voru mögulegar hugmyndir um verð á húsinu. *Sjórnin samþykkir, fyrir sitt leyti, að hefja sölumeðferð á húsnæðinu, og auglýsa það allt til sölu þar sem núgildandi leigusamningur gæti fylgt með, að undangengnu samþykki Blönduósbæjar, og núverandi leigutaka að 1/3. Slökkviliðsstjóra og sveitarstjóra Blönduósbæjar falið að vinna málið áfram í samræmi við umræðu á fundinum.*

Fleira ekki gert, og fundi slitið kl 16:32-

Anna Margret Sigurðardóttir (sign),

Birna Ágústdóttir (sign),

Sverrir Þór Sverrisson (sign),

Ingvar Sigurðsson (sign),

Einar K Jónsson (sign),

Valdimar O Hermannsson (sign).